

Tryggingarsjóður
innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2011

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

Efnisyfirlit

	Bls.
Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2011	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Innstæðudeild A:	
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10
Innstæðudeild B:	
Rekstrarreikningur	15
Efnahagsreikningur	16
Sjóðstreymi	17
Skýringar	18
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur	19
Efnahagsreikningur	20
Sjóðstreymi	21
Skýringar	22

Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2011

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild.

Rekstur 2011

	Innstæðudeild A	Innstæðudeild B	Verðbréfadeild
Tekjur			
Framlög aðildarfyrirtækja	0	4.142.600	789
Vaxtatekjur og verðbætur	493.672	27.090	4.207
Gengismunur	318.796	0	3.130
	<u>812.468</u>	<u>4.169.690</u>	<u>8.126</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	14.640	556	149
Annar rekstrarkostnaður	36.453	1.385	373
Fjármagnstekjuskattur	162.498	5.418	1.467
	<u>213.591</u>	<u>7.359</u>	<u>1.989</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>598.877</u>	<u>4.162.331</u>	<u>6.137</u>

Efnahagur 31.12.2011

	Innstæðudeild A	Innstæðudeild B	Verðbréfadeild
Eignir			
Bankainnstæður			
Sæðlabanki Íslands, bankainnstæður	22.427.660	3.093.117	220.345
Aðrar bankainnstæður	638	0	5
	<u>22.428.298</u>	<u>3.093.117</u>	<u>220.350</u>
Aðrar eignir			
Krafa á aðildarfélag	0	1.071.154	0
Krafa á innstæðudeild B	1.147		0
	<u>1.147</u>	<u>1.071.154</u>	<u>0</u>
Eignir samtals	<u>22.429.445</u>	<u>4.164.271</u>	<u>220.350</u>

Eigið fé og skuldir

Skammtímaskuldir

Skuld við innstæðudeild A	0	1.147	0
Fjármagnstekjuskattur	61.875	0	511
Aðrar skammtímaskuldir	4.189	793	40
	<u>66.064</u>	<u>1.940</u>	<u>551</u>

Eigið fé

Eigið fé	22.363.381	4.162.331	219.799
	<u>22.363.381</u>	<u>4.162.331</u>	<u>219.799</u>

Eigið fé og skuldir samtals 22.429.445 4.164.271 220.350

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Frumvarp um ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem lagt var fram á Alþingi haustið 2010 varð ekki að lögum fyrir þinglok. Nýtt frumvarp hefur ekki verið lagt fram. Má því segja að sjóðurinn sé að vissu leyti ennþá í þeirri biðstöðu sem einkennt hefur starfsemi hans undanfarin misseri.

Í maí 2011 voru samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Við lögin var bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem aðildarfélagum innstæðudeildar er gert að greiða í sjálfstæða deild ársfjórðungslegt iðgjald vegna ársins 2011. Einnig er í lögnum að finna breytta skilgreiningu á innstæðum og sérstök undanþáguákvæði frá tryggingavernd sem gilda vegna þeirra iðgjalda.

Innstæðudeildin sem greitt var í á árunum fyrir 2011 er færð í ársreikninginn sem innstæðudeild A og eru engin framlög frá innlánsstofnunum færð þar á árinu 2011.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011 voru svokölluð lcesave lög felld sem heimiluðu fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að staðfesta samninga þá sem áritaðir voru í London 8. desember 2010 og fjölluðu um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu TIF til breska og hollenska ríkisins. Var með þessu bundinn endi á það samningsferli sem staðið hafði með hléum sl. rúm tvö ár.

Eins og fjallað er um í skýringu nr. 4 í reikningum innstæðudeildar A tók stjórn TIF þann 8. september sl. ákvörðun um greiðslu úr innstæðudeild í kjölfar hruns íslensku bankanna í október 2008 og síðar. Til greiðslu til innstæðueigenda í Landsbanka Íslands hf. koma þeir fjármunir og aðrar eigur innstæðudeildar A eins og þeir voru við fall Landsbanka Íslands hf. í október 2008 auk þeirrar ávöxtunar sem þeir fjármunir hafa borið frá þeim tíma. Gegn greiðslu yfirtekur TIF að fullu kröfur innstæðueigenda á hendur þrotabúinu.

Greiðslur iðgjalda til TIF mynduðu nýjan grunn frá og með gjalddaga ársins 2009 og er litið svo á að þeir fjármunir standi ekki til útgreiðslu fyrir innstæðueigendur fjármálafyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær fyrir það tímamark. Stjórn TIF er ekki kunnugt um skuldbindingar sem falla undir lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta vegna þeirra fjármálafyrirtækja sem FME hefur lýst ógjaldfær síðar en allar innstæður þeirra voru fluttar til annarra innlánsstofnana.

Eigið fé innstæðudeildar A nam 22,4 milljörðum kr. í árslok 2011. Þar af eru um 4,9 milljarðar króna sem tilheyra hinum nýja grunni. Til greiðslu til innstæðueigenda í Landsbanka Íslands hf. í samræmi við ofangreinda ákvörðun stjórnar frá 8. september sl. standa því 17,4 milljarðar króna í árslok 2011.

Frestur til að skila athugasemdum við áður nefnda ákvörðun um greiðslu rann út í byrjun desember 2011. Athugasemdir bárust frá hollenska Seðlabankanum (De Nederlandsche Bank), breska tryggingarsjóðnum (Financial Services Compensation Scheme) og fjölmörgum Edge innstæðueigendum í Kaupþingi banka hf. Unnið er að því að skýra þau álitamál sem hafa komið fram.

Í ljósi þess vafa sem enn ríkir um framkvæmd verður greiðslum úr innstæðudeild A frestað þar til unnt verður að leggja mat á hverjir eru réttmætir kröfuhafar sjóðsins og hversu mikið unnt er að greiða hverjum þeirra. Útgreiðsla til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. fer ekki fram fyrir en óvissu hefur verið eytt eða hún minnkað þannig að ásættanleg sé fyrir TIF að mati stjórnar. Samkvæmt áætlun slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. um endurheimtur er gert ráð fyrir því að forgangskröfur fáist greiddar að mestu eða jafnvel öllu leyti.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Heildareignir verðbréfadeildar skulu að lágmarki nema 100 millj. kr. Eigið fé deildarinnar nam 220 milljónum króna í árslok 2011. Eins og fram kemur í skýringu nr. 3 í reikningum verðbréfadeildar hefur stjórn TIF samþykkt að bjóða greiðslur þeim viðskiptavinum VBS fjárfestingarbanka hf. sem ekki hafa fengið bréf sín sem voru í vörslu Lehman Brothers International Europe afhent. TIF hefur lýst kröfum á bú VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir hönd ofangreindra viðskiptavina. Kröfur TIF njóta rétt hæðar sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt upplýsingum slitastjórnar eru nægjanlegar eignir í búinu til greiðslu forgangskrafa og er því gert ráð fyrir fullum endurheimtum.

Stjórn hefur til skoðunar ólíka möguleika varðandi ráðstöfun fjármuna TIF og eignastýringu með hliðsjón af þeim fjárfestingarkostum sem TIF standa til boða í dag. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að leita samninga við fjármálastofnanir um stýringu eigna sjóðsins. Stór hluti þeirra fjármuna sem eru í vörslu TIF bíða útgreiðslu í samræmi við ákvörðun um greiðslur úr innstæðudeild A. Fjármunir verðbréfadeildar hafa einnig verið innlestir. Þessir fjármunir eru á reikningum í Seðlabanka í íslenskum krónum, pundum og evrum. Fjármunir sem ekki bíða útgreiðslu eru á reikningum í Seðlabanka í íslenskum krónum.

Enn sem komið er hafa engar greiðslur átt sér stað, hvorki úr innstæðudeild A né verðbréfadeild vegna greiðsluskyldu og TIF hefur ekki yfirtekið neinar kröfur. Ekki hefur verið leyst úr öllum álitæfnum sem fram hafa komið við framkvæmd greiðslna. Ekki liggja fyrir endanlegar upplýsingar um endurheimtur úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. og VBS fjárfestingabanka hf. Með hliðsjón af framangreindu hafa hvorki skuldbindingar né kröfur verið færðar í ársreikninginn.

Að teknu tilliti til framangreindra fyrirvara staðfesta stjórn TIF og framkvæmdastjóri ársreikning TIF fyrir árið 2011 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 9. mars 2012.

Stjórn:

Gudrún Þorvaldsdóttir
Stefi Tóð *Skarðeign*
Guðrún Þorvaldsdóttir *J. Múki*
Þorvaldur Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Þorvaldur Þorvaldsson

STAÐFESTING EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Dags:

21/3 2012

Þorvaldur Þorvaldsson
Efnahags- og viðskiptaráðherra

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirlit sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Fyrirvari

Eins og fram kemur í skýringu 4 vegna innstæðueildar og skýringu 3 vegna verðbréfadeildar hafa engar greiðslur enn átt sér stað vegna greiðsluskyldu sjóðsins. Endanlegar upplýsingar um endurheimtur þeirra krafna sem lýst hefur verið á hendur þrotabúum þeirra fjármálafyrirtækja sem hlut eiga að máli liggja ekki fyrir. Vegna óvissunnar hafa hvorki skuldbindingarnar né kröfurnar verið færðar í ársreikning sjóðsins.

Álit

Það er álit okkar, að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. t.l. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 9. mars 2012

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2011 - innstæðudeild A

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Framlög aðildarfyrirtækja	2,3	0	2.441.211
Vaxtatekjur og verðbætur		493.672	586.236
Gengismunur		318.796	(581.876)
		812.468	2.445.571
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		14.640	19.131
Annar rekstrarkostnaður		36.453	29.195
Umsýsluþóknanir		0	7.641
Fjármagnstekjuskattur		162.498	241.608
		213.591	297.575
Tekjur umfram gjöld	6	598.877	2.147.996

Efnahagsreikningur 31. desember 2011 - innstæðudeild A

Eignir	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
Bankainnstæður			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	1,5	22.427.660	21.860.120
Aðrar bankainnstæður	1,5	638	764
		22.428.298	21.860.884
Aðrar eignir			
Krafa á aðildarfélag		0	1.730
Fjármagnstekjuskattur		0	189.209
Krafa á innstæðudeild B		1.147	0
		1.147	190.939
Eignir samtals		22.429.445	22.051.823
 Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		61.875	259.198
Skuld við verðbréfadeild		0	18.941
Aðrar skammtímaskuldir		4.189	9.180
		66.064	287.319
Eigið fé			
Eigið fé	6	22.363.381	21.764.504
		22.363.381	21.764.504
Eigið fé og skuldir samtals		22.429.445	22.051.823

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011 - innstæðudeild A

	Skýr.	2011	2010	
Rekstrarhreyfingar				
Tekjur umfram gjöld		598.877	2.147.996	
Breytingar á rekstartengdum eignum		189.792	4.351.922	
Breytingar á rekstartengdum skuldum	(221.255)	(179.031)
Hækkun á handbæru fé		567.414	6.320.887	
Handbært fé í ársbyrjun		21.860.884	15.539.997	
Handbært fé í árslok	5	22.428.298	21.860.884	

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
- b. Erlendar eignir og skuldir eru færðar miðað við árslokagengi Seðlabanka Íslands.

2. Lagabreytingar

Í maí 2011 voru samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Við lögin var bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem aðildarfélögum innstæðudeildar er gert að greiða í sjálfstæða deild ársfjórðungslegt iðgjald vegna ársins 2011. Einnig er í lögnum að finna breytta skilgreiningu á innstæðum og sérstök undanþáguákvæði frá tryggingavernd sem gilda vegna þeirra iðgjalda.

3. Framlög aðildarfélaga

Eins og fram kemur í skýringu 2 hér að framan voru á árinu samþykktar breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðustæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem fela það í sér að innlánsstofnanir skulu á árinu 2011 greiða iðgjald til sjálfstæðrar deildar. Sú deild er færð sérstaklega í ársreikninginn sem Innstæðudeild-B. Engin framlög frá aðildarfélögum eru því færð hér á árinu 2011, þ.e. hjá innstæðudeild-A.

4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur protabúum fjármálafyrirtækja

Á tímabilinu 6. - 9. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið (FME) yfir stjórn þriggja stærstu viðskiptabanka landsins, Landsbanka Íslands hf., Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. Fjármálaeftirlitið hefur síðar tekið yfir vald hlutahafafunda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., Straums-Burðarás hf., Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs. Strax við fall Landsbanka Íslands hf. var ljóst að eignir innstæðudeildar TIF dygðu ekki til að mæta þeim kröfum sem innstæðueigendur Landsbanka Íslands hf. áttu á hendur sjóðnum.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir aðilum sem gætu átt kröfu á hendur TIF. Miðað er við þá dagsetningu þegar Fjármálaeftirlitið gaf út tilkynningu um greiðsluskyldu Tryggingarsjóðs eða þegar viðkomandi aðildarfélag var tekið til slitameðferðar þegar það á við. Um er að ræða mat sjóðsins byggt á upplýsingum frá viðkomandi aðildarfélagi og þeim kröfum sem borist hafa sjóðnum beint. Endanlegar staðfestingar á kröfum liggja þó ekki fyrir í öllum tilvikum:

Fjármálafyrirtæki

Dags. Áætlaður fjöldi kröfuhafa

Landsbanki Íslands hf.	27.10.2008	Bresku og hollensku tryggingarsjóðirnir vegna lcesave. Aðilar sem ekki lýstu kröfu á bresk og hollensk stjórnvöld. 140 aðilar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Nokkrir tugir vegna vaxtakrafna. Í desember 2012 greiddi slitastjórn hlutagreiðslu til forgangskröfuhafa
Kaupþing banki hf.	30.10.2008	Sex aðilar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Um 40 þús. aðilar vegna vaxtakrafna. Á kröfuhafafundi þann 14. desember 2011 kom fram að slitastjórn hafi breytt fyrri afstöðu sinni og samþykkt umræddar vaxtakröfur sem forgangskröfur. Eftir standa þó þeir sem ekki lýstu kröfum.
Glitnir banki hf.	4.11.2008	Um 140 aðilar með kröfu vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Slitastjórn Glitnir hefur tilkynnt áform um greiðslu forgangskrafna.
Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf.	30.3.2009	Einn aðili með kröfu vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Kröfuhafar hafa samþykkt nauðsamning fyrir félagið

4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Fjármálafyrirtæki	Dags.	Áætlaður fjöldi kröfuhafa
Sparisjóðabanki Íslands hf.	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram
Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. hf. ..	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram
Sparisjóðurinn í Keflavík	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram
Byr sparisjóður	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram

Í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl sl. voru svokölluð Icesave lög felld sem heimiluðu fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að staðfesta samninga þá sem áritaðir voru í London 8. desember 2010 og fjölluðu um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu TIF til breska og hollenska ríkisins.

Hinn 8. september 2011 tók stjórn TIF ákvörðun um greiðslu úr innstæðudeild sjóðsins í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar. Ákvörðunin hefur verið birt og er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu sjóðsins. Er þar mælt fyrir um að eignir sjóðsins sem stóðu til ráðstöfunar í október 2008 komi til greiðslu innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. Auk breska og hollenska tryggingarsjóðsins er um að ræða greiðslur vegna svokallaðra heildsöluinnlána og þeirra innstæðueigenda sem ekki lýstu kröfum á bresku og hollensku tryggingarsjóðina. Ekki liggur fyrir endanlegur úrskurður dómsstóla um það hvort svokölluð peningamarkaðsinnlán falli undir gildissvið laga um TIF. Greiðslur iðgjalda til TIF mynduðu nýjan grunn frá og með gjalddaga ársins 2009 og er litið svo á að þeir fjármunir standi ekki til útgreiðslu fyrir innstæðueigendur fjármálafyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær fyrir það tímamark.

Eigið fé innstæðudeildar TIF nam 16,1 milljarði kr. í árslok 2008. Þær kröfur sem gerðar hafa verið á hendur TIF nema margfaldr þeirri fjárhæð. Ljóst er því að sjóðurinn mun tæmast við fyrstu greiðslu til kröfuhafa Landsbanka Íslands hf. Afleiðing þessa er að engar eignir teljast hafa verið til staðar í TIF þegar álit FME var gefið út um ógjaldfærni Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. Endanleg niðurstaða um greiðslugetu TIF gagnvart þessum aðilum veltur þó á hlutfalli endurgreiðslu frá Landsbanka Íslands hf.

Þegar kemur til greiðslu TIF á tryggðum innstæðum lítur stjórn TIF svo á að sjóðurinn yfirtaki alla kröfu innstæðueiganda á hendur viðkomandi fjármálafyrirtæki. TIF fær því alla greiðsluna til sín við endurheimtur en greiðir síðan innstæðueigendum það sem þeim ber, að frádreginni þeirri fjárhæð sem kröfuhafar hafa þegar fengið greidda úr innstæðudeild TIF. Þeir fjármunir sem fást greiddir við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. verða notaðir til að inna af hendi viðbótargreiðslu til þeirra innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. sem ekki fengu lágmarkstryggingu greidda við fyrstu útgreiðslu úr sjóðnum. Nái endurgreiðsluhlutfall frá Landsbanka Íslands hf. 100% munu þeir fjármunir sem renna til TIF í því tilfelli standa til greiðslu til innstæðueigenda hjá Kaupþingi banka hf. Endurgreiðsluhlutfall frá Kaupþingi banka hf. mun þá skipta máli er kemur að mögulegum greiðslum til innstæðueigenda hjá Glitni hf.

Frestur til að skila athugasemdum við ákvörðunina rann út í byrjun desember 2011. Viðamestu athugasemdirnar bárust frá hollenska Seðlabankanum (De Nederlandsche Bank) og breska tryggingarsjóðnum (Financial Services Compensation Scheme). Unnið er að því að skýra þau álitamál sem hafa komið fram.

Í ljósi þess vafa sem enn ríkir verður greiðslum úr sjóðnum frestað þar til unnt verður að leggja mat á hverjir eru réttmætir kröfuhafar sjóðsins og hversu mikið unnt er að greiða hverjum þeirra. Útgreiðsla til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. fer ekki fram fyrr en óvissu hefur verið eytt eða hún minnkað þannig að ásættanleg sé fyrir TIF að mati stjórnar.

Eins og þegar hefur komið fram er það álit stjórnar TIF að til útgreiðslu til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. komi þær eignir innstæðudeildar sem voru til staðar við fall bankans í október 2008 og að greidd iðgjöld á árinu 2009 og 2010 hafi myndað nýjan grunn. Rekstur og eigið fé deildarinnar greinist þannig milli þess sem greitt var inn fyrir fall Landsbanka Íslands hf. annars vegar og eftir fall Landsbanka Íslands hf., Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. hins vegar, eins og hér segir:

Skýringar, frh.:

4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Rekstur:	löggjöld til og með 2008	löggjöld eftir árið 2008	Samtals
Eigið fé 31.12.2008	16.145.275	0	16.145.275
Tekjur 2009			
Framlög aðildarfyrirtækja	0	2.139.300	2.139.300
Vextir og gengismunur	1.758.827	47.469	1.806.296
	1.758.827	2.186.769	3.945.596
Gjöld 2009			
Rekstrarkostnaður	(95.318)	(3.182)	(98.500)
Fjármagnstekjuskattur	(368.743)	(7.120)	(375.863)
	(464.061)	(10.302)	(474.363)
Tekjur umfram gjöld 2009	1.294.766	2.176.467	3.471.233
Eigið fé 31.12.2009	17.440.041	2.176.467	19.616.508
Tekjur 2010			
Framlög aðildarfyrirtækja	0	2.441.211	2.441.211
Vextir og gengismunur	(248.473)	252.834	4.361
	(248.473)	2.694.045	2.445.572
Gjöld 2010			
Rekstrarkostnaður	(44.954)	(11.014)	(55.968)
Fjármagnstekjuskattur	(196.098)	(45.510)	(241.608)
	(241.052)	(56.524)	(297.576)
Tekjur umfram gjöld 2010	(489.525)	2.637.521	2.147.996
Eigið fé 31.12.2010	16.950.516	4.813.988	21.764.504
Tekjur 2011			
Framlög aðildarfyrirtækja	0	0	0
Vextir og gengismunur	644.623	167.845	812.468
	644.623	167.845	812.468
Gjöld 2011			
Rekstrarkostnaður	(41.362)	(9.731)	(51.093)
Fjármagnstekjuskattur	(128.929)	(33.569)	(162.498)
	(170.291)	(43.300)	(213.591)
Tekjur umfram gjöld 2011	474.332	124.545	598.877
Eigið fé 31.12.2011	17.424.848	4.938.533	22.363.381

4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Sjóðurinn hefur gert eftirfarandi kröfur á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja:

	millj. kr.
Glitnir banki hf.	2.918
Kaupþing banki hf.	409.822
Landsbanki Íslands hf.	1.422.288
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.	1.415
Sparisjóðabanki Íslands hf.	718
	1.837.160

Með bréfi slitastjórnar Glitnis banka hf. þann 2. apríl 2011 var kröfum TIF hafnað. TIF mótmælti þeirri afstöðu. Fundað hefur verið með slitastjórn vegna ágreiningsins. Líkleg niðurstaða er sú að kröfur vegna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga verði viðurkenndar sem almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hvað varðar kröfu TIF á grundvelli peningamarkaðsinnlána er beðið niðurstöðu dómstóla um það hvort þau teljist innstæður í skilningi laga nr. 98/1999. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli heilðsöluinnlána hefur þegar verið viðurkennt af hálfu dómstóla að heilðsöluinnlán séu innstæður í skilningi laga. Kröfu TIF var hins vegar hafnað að svo stöddu, enda er krafa TIF háð útgreiðslu sjóðsins til innstæðueigenda. TIF hefur samþykkt að lækka kröfu sína á grundvelli heilðsöluinnlána til samræmis við greiðslu Glitnis til innstæðueigenda. Slitastjórn Glitnis hefur kynnt fyrirætlánir sínar um greiðslur til forgangskröfuhafa.

Slitastjórn Kaupþings banka hf. hefur samþykkt kröfur vegna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga sem almennar kröfur. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli peningamarkaðsinnlána er beðið niðurstöðu dómstóla um það hvort þau teljist innstæður í skilningi laga nr. 98/1999. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli heilðsöluinnlána hefur þegar verið viðurkennt af hálfu dómstóla að heilðsöluinnlán séu innstæður í skilningi laga. Kröfu TIF var hins vegar hafnað að svo stöddu, enda er krafa TIF háð útgreiðslu sjóðsins til innstæðueigenda. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli áfallinna vaxta vegna EDGE reikninga var á kröfuhafafundi þann 14. desember 2011 tilkynnt um breytta afstöðu slitastjórnar til þessara krafna og verða þær nú greiddar sem forgangskröfur svo framanlega sem viðkomandi lýsti kröfu á hendur búinu. TIF hefur samþykkt að lækka þessar kröfur til samræmis við nýjar upplýsingar um fjárhæðir frá slitastjórn.

Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. hefur samþykkt kröfur vegna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga sem almennar kröfur. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli heilðsöluinnlána, hefur þegar verið viðurkennt af hálfu dómstóla að heilðsöluinnlán séu innstæður í skilningi laga. Það sama gildir um innstæður á Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. í London og Amsterdam. Landsbanki Íslands hf. hefur hafnað kröfu TIF á grundvelli heilðsölu- og Icesave-innlána að svo stöddu, enda er krafa TIF háð útgreiðslu sjóðsins til innstæðueigenda. TIF hefur samþykkt að lækka kröfu sína á grundvelli innlánanna til samræmis við greiðslu til innstæðueigenda. Hvað snertir kröfu TIF á grundvelli peningamarkaðsinnlána er beðið niðurstöðu dómstóla um það hvort þau teljist innstæður í skilningi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Slitastjórn hefur tekið til hliðar fjármuni til að mæta þeim kröfum en af hálfu TIF hefur verið fallist á að ekki þurfi að halda eftir fjármunum til að mæta kröfu TIF sem stafa af sömu kröfum. Varðandi kröfu TIF á grundvelli ólýstra krafna innstæðueigenda hefur kröfunni verið hafnað að svo stöddu þar sem beðið er eftir greiðslu TIF til innstæðueigenda. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess af hálfu Landsbanka Íslands hf. hvort kröfurnar komist að sem forgangskröfur.

Kröfur sem beint var upprunalega að Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. vegna nb.is hafa verið afturkallaðar enda réttilega beint að nb.is og hafa verið gerðar upp. Krafa vegna verðbréfadeildar SPRON hefur einnig verið afturkölluð. Unnið er að því að útkljá ágreining vegna krafna vegna gjaldfallinna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga.

Krafa TIF í Sparisjóðabanka Íslands hf. um iðgjöld hefur verið samþykkt sem almenn krafa. Engar aðrar kröfur eru eftir í bú bankans.

Skýringar, frh.:

4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Eins og að framan greinir liggur fyrir ákvörðun stjórnar TIF um greiðslu til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. á þeim fjármunum og öðrum eignum innstæðudeildar eins og þeir voru við fall Landsbanka Íslands hf. í október 2008 auk þeirrar ávöxtunar sem þeir fjármunir hafa borið frá þeim tíma eða á 17,4 milljörðum króna miðað við árslok 2011. Gegn greiðslu til innlánseigenda yfirtekur TIF kröfur þeirra á hendur þrotabúinu að fullu. Ekki hefur verið leyst úr öllum álitafnum sem fram hafa komið við framkvæmd greiðslna. Enn sem komið er hafa greiðslur ekki átt sér stað og TIF ekki yfirtekið neinar kröfur innlánseigenda í Landsbanka Íslands. Landsbanki Íslands hf. greiddi út 432 milljarða króna til forgangskröfuhafa hinn 7. desember 2011. Samkvæmt áætlun slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. um endurheimtur er gert ráð fyrir því að forgangskröfur fái greiddar að mestu eða jafnvel öllu leyti.

Með hliðsjón af framangreindu hafa hvorki skuldbindingar TIF vegna framangreindrar ákvörðunar né kröfur TIF á hendur þrotabúum verið færðar í ársreikning innstæðudeildar A.

5. Handbært fé

	2011	2010
Bankainnstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum	14.638.448	14.366.995
Bankainnstæður í Seðlabanka í EUR	5.085.619	4.938.479
Bankainnstæður í Seðlabanka í GBP	2.703.594	2.554.644
Aðrar bankainnstæður í Seðlabanka	2	2
Innstæður utan Seðlabanka	635	764
	<u>22.428.298</u>	<u>21.860.884</u>

6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2011	2010
Eigið fé 1.1	21.764.504	19.616.508
Tekjur umfram gjöld	598.877	2.147.996
Eigið fé 31.12	<u>22.363.381</u>	<u>21.764.504</u>

Rekstrarreikningur árið 2011 - innstæðudeild B

	Skýr.	2011
Tekjur		
Framlög aðildarfyrirtækja	2, 3	4.142.600
Vaxtatekjur og verðbætur		27.090
		<u>4.169.690</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		556
Annar rekstrarkostnaður		1.385
Fjármagnstekjuskattur		5.418
		<u>7.359</u>
Tekjur umfram gjöld	5	<u>4.162.331</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011 - innstæðudeild B

Eignir	Skýr.	31.12.2011
Bankainnstæður		
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	4	3.093.117
Aðrar eignir		
Krafa á aðildarfélög	3	1.071.154
Eignir samtals		4.164.271
 Eigið fé og skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuld við innstæðudeild A		1.147
Aðrar skammtímaskuldir		793
		1.940
Eigið fé		
Eigið fé	5	4.162.331
		4.162.331
Eigið fé og skuldir samtals		4.164.271

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011 - innstæðudeild B

	Skýr.	2011
Rekstrarhreyfingar		
Tekjur umfram gjöld		4.162.331
Breytingar á rekstartengdum eignum	(1.071.154)
Breytingar á rekstartengdum skuldum		1.940
Hækkun á handbæru fé		3.093.117
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í árslok	4	3.093.117

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Lagabreytingar

Í maí 2011 voru samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Við lögin var bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem aðildarfélögum innstæðudeildar er gert að greiða í sjálfstæða deild ársfjórðungslegt iðgjald vegna ársins 2011. Einnig er í lögunum að finna breytta skilgreiningu á innstæðum og sérstök undanþáguákvæði frá tryggingavernd sem gilda vegna þeirra iðgjalda.

3. Framlög aðildarfyrirtækja

Eins og fram kemur í skýringu 2 hér að framan voru á árinu samþykktar breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðustæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, sem fela það í sér að innlánsstofnanir skulu á árinu 2011 greiða iðgjald til sjálfstæðrar deildar. Um er að ræða almennt iðgjald sem nemur 0,3% á ári af öllum innstæðum eins og þær eru skilgreindar í bráðabirgðaákvæðinu eða 0,075% á ársfjórðungslegum gjalddaga. Að auki skal greiða breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Ekki var greitt áhættuvegið gjald fyrir fyrsta ársfjórðung 2011. Gjalddagi iðgjalds vegna 1. og 2. ársfjórðungs 2011 var 1. september 2011, vegna 3. ársfjórðungs 1. nóvember 2011 og vegna 4. ársfjórðungs 1. mars 2012. Iðgjald vegna 4. ársfjórðungs er fært í rekstrarreikningi ársins 2011 og fært sem krafa á aðildarfélög í efnahagsreikningi í árslok.

Framlög aðildarfélaga greinast sem hér segir:

2011

Almennt iðgjald 0,3% af innstæðum	3.065.064
Áhættuvegið iðgjald	1.077.536
Tekjufærð framlög samtals	4.142.600

4. Handbært fé

Bankainnstæður í Seðlabanka eru í íslenskum krónum. Innstæðurnar eru lausar til útborgunar og teljast því til handbærs fjár.

5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

2011

Eigið fé 1.1	0
Tekjur umfram gjöld	4.162.331
Eigið fé 31.12	4.162.331

Rekstrarreikningur ársins 2011 - verðbréfadeild

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Framlög aðildarfyrirtækja	2	789	857
Vaxtatekjur og verðbætur		4.207	4.466
Gengismunur		3.130	(6.459)
		<u>8.126</u>	<u>(1.136)</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		149	212
Annar rekstrarkostnaður		373	324
Umsýslubóknanir		0	85
Fjármagnstekjuskattur		1.467	2.314
		<u>1.989</u>	<u>2.935</u>
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)	5	<u>6.137</u>	<u>(4.071)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011 - verðbréfadeild

Eignir	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður		220.345	195.490
Aðrar bankainnstæður		5	7
	4	220.350	195.497
Aðrar eignir			
Fjármagnstekjuskattur		0	1.858
Krafa á innstæðudeild		0	18.941
		0	20.799
Eignir samtals		220.350	216.296
 Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		511	2.545
Aðrar skuldir		40	89
		551	2.634
Eigið fé			
Eigið fé	5	219.799	213.662
		219.799	213.662
Eigið fé og skuldir samtals		220.350	216.296

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011 - verðbréfadeild

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)		6.137 (4.071)
Breytingar á rekstrartengdum eignum		20.799	36.747
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	(2.083)	(4.664)
Hækkun á handbæru fé		24.853	28.012
Handbært fé í ársbyrjun		195.497	167.485
Handbært fé í árslok	4	220.350	195.497

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður með sama hætti og árið áður.

2. Framlög aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 6 gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999. Alls voru innheimtar 789 þús. kr. TIF hefur hafið undirbúning vegna útreiknings inngreiðslna á grundvelli gildandi laga nr. 98/1999. Aðeins verður innheimt af nýjum aðildarfélögum í samræmi við 5. gr. ofangreindra laga.

3. Greiðsluskylda verðbréfadeildar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 9. apríl 2010 var VBS fjárfestingarbanki hf. tekinn til slitameðferðar og stofnaðist þar til greiðsluskylda TIF samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Stjórn TIF hefur samþykkt að hafna öðrum kröfum vegna VBS fjárfestingarbanka hf. en þeim sem varða afhendingu bréfa í vörslu Lehman Brothers International Europe. Um er að ræða viðskiptavinum VBS fjárfestingarbanka hf sem ekki hafa fengið bréf sín afhent að hluta að öllu leyti. Samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skal greiða úr verðbréfadeild innan þriggja mánaða frá því að réttmæti og fjárhæð kröfu fæst staðfest. Þann 16. febrúar 2012 ákvað stjórn að fyrirbyggjandi upplýsingar gæfu tilefni til að bjóða umræddum viðskiptavinum greiðslu á andvirði bréfanna.

Fjárhæðir sem TIF kemur til með að greiða kröfuhöfum VBS fjárfestingarbanka hf. miðast við andvirði fjármálagerninga þeirra þann 9. apríl 2010 þegar greiðsluskylda TIF varð virk. Ef um skráða fjármálagerninga er að ræða er miðað við skráð lokagengi þeirra þann dag. Ef um óskráða fjármálagerninga er að ræða er stuðst við þá mælikvarða sem hafa verið notaðir fyrir viðkomandi fjármálagerninga, s.s. gengi í öðrum viðskiptum. Þá kunna í einhverjum tilvikum að vera notuð viðmið sem eru að finna í samningum eða skilmálum sem um fjármálagerningana gilda. Finnist ekki slík viðmið, er verðmæti fjármálagerninganna metið eftir viðurkenndum aðferðum í samráði við VBS fjárfestingarbanka hf. Ef um fjármálagerninga í erlendri mynt er að ræða, er verðmæti þeirra umreiknað í íslenskar krónur miðað við skráð kaupgengi hjá Seðlabanka Íslands þann 9. apríl 2010. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum slitastjórnar VBS fjárfestingarbanka hf. nemur andvirði bréfanna samtals um 175 milljónum kr. Enn sem komið er hafa greiðslur ekki átt sér stað.

TIF hefur lýst kröfum í bú VBS fjárfestingarbanka hf. vegna ofangreindra viðskiptavina. Kröfur TIF njóta réttthæðar sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt upplýsingum slitastjórnar eru nægjanlegar eignir í búinu til greiðslu forgangskrafna og því gert ráð fyrir fullum endurheimtum úr búinu án þess að endanleg staðfesting liggja fyrir að svo verði.

Með hliðsjón af framangreindu eru skuldbindingar og kröfur TIF vegna VBS ekki færðar í ársreikning innstæðudeildar A.

Stjórn TIF er ekki kunnugt um skuldbindingar vegna annarra fjármálafyrirtækja sem farið hafa í þrot. Engar slíkar kröfur hafa komið fram.

4. Handbært fé

	2011	2010
Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum	120.945	121.930
Innstæður í Seðlabanka í EUR	64.897	48.481
Innstæður í Seðlabanka í GBP	34.500	25.080
Bankainnstæður utan Seðlabanka	8	6
	<u>220.350</u>	<u>195.497</u>

5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2011	2010
Eigið fé 1.1	213.662	217.733
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)	6.137 (4.071)
Eigið fé 31.12	<u>219.799</u>	<u>213.662</u>